



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Fundarherbergi ÍSÍ - 15. september 2015 kl. 17:30

**Mætt:**

Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Þórður Bragason (ÞB), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Gunnar Bjarnason (GB), Ragnar Róbertsson (RR), Ari Jóhannsson (AJ), Einar Gunnlaugsson (EG)

**Fjarverandi:**

Brynjar Gauti Schiöth (BGS), Guðbergur Reynisson (GR)

ÞA ritaði fundargerð.

---

### 1. Mótakerfi AKÍS

Stjórn AKÍS felur formanni og framkvæmdastjóra að skoða hvort eru til kerfi innan íþróttahreyfingarinnar hérlendis sem gæti verið hægt að aðlaga. Niðurstaða skoðunarinnar munu lagðar fyrir næsta stjórnarfund. Einnig hver kostnaður við gerð kerfis og árlegur kostnaður yrði.

### 2. Torfæra (NEZ - Formula Offroad Working Group) - Stefna AKÍS

Umræður urðu um það hver stefna AKÍS ætti að vera í þessum málum. Framkvæmdastjóra AKÍS falið að taka saman hugmynd að stefnu byggð á þeirri umræðu sem fram fór og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

### 3. Sameiginlegur NEZ fundur og FIA svæðisráðstefna

Haustfundir NEZ (FIA North European Zone) eru nokkurs konar ársþing þar sem vinnuhópar og fastanefndir á vegum NEZ skila skýrslu til stjórnar, stjórn samtakanna er kjörin og árgjöld ákveðin.

Upphaflega áttu bæði vor- og haustfundur NEZ að vera á Íslandi, en ákveðið var að halda haustfundinn í Helsinki þar sem um leið er haldin FIA NEZ Sport Conference. Þannig munu nefndarstörf verða föstudagurinn 16. október 2015, en haustfundurinn síðdegis sunnudaginn 18. október 2015.

Ákveðið var að fulltrúi AKÍS á þessum NEZ fundi væri formaður.

### 4. Fundur með Samgöngustofu

Fundur var með Samgöngustofu þar sem farið var yfir málefni sem áður hefur verið beint til Innanríkisráðuneytisins. Þetta er gert með tilvísun í lög um Samgöngustofu þar sem fram kemur í 4. grein II. kafla að hún skuli vera ráðgefandi fyrir ráðherra, veita honum aðstoð við undirbúning að setningu laga og reglugerða á starfssviði sínu.

Fundargerð mun send stjórnsmönnum er hún hefur verið samþykkt af Samgöngustofu.

### 5. Önnur mál

Frjáls ábyrgðartrygging ökutækja.



**Akstursíþróttasamband  
Íslands**

Setja skýrar upplýsingar á vefinn.